

3.fundur haldinn í hreppsnefnd Árneshrepps þriðjudaginn 8.maí 2018 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði, kl. 13:00.

Mætt eru Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Bjranheiður Fossdal. Melum 1, Ingólfur Benediktsson Árnese 2, Hrefna Þorvaldsdóttir Árnese 2 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpvík. Oddviti ritar fundargerð.

Dagskrá fundarins:

1. Ársreikningar 2017 – fyrri umræða.
 2. Umsögn varðandi rekstrarleyfi v.gistingar í Kaupfélagshúsi.
 3. Þjónustusamningur milli eigenda Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna ##.
 4. Óbyggðanefnd, tilkynning um meðferð á svæði 10A.
 5. Norðurfjarðarhöfn, gjaldskrá lögð fram til kynningar.
 6. Bréf frá Landlínum varðandi hnitsetningu jarða.
-
1. Ársreikningar 2017 – fyrri umræða. Ársreikningur lagður fram til fyrri umræðu . Halldóra Pálsdóttir hjá Kpmg ehf fór yfir ársreikning og sundurliðun ársreiknings . Hreppsnefnd ræddi nokkur atriði, þ.á.m. lækkun greiðslna frá Jöfnunarsjóði. Að því loknu var ársreikningnum fyrir árið 2017 vísað til síðari umræðu.
 2. Umsögn varðandi rekstrarleyfi v.gistingar. Hreppsnefnd hefur ekkert við það að athuga að uppfylltum skilyrðum að leigjandi leigji frá sér herbergi í íbúð 3 í Kaupfélagshúsi. Þar sem um fjölbýli er að ræða með sameiginlegum inngangi , þarf að uppfylla það skilyrði að fá skriflegt samþykki íbúa á 2.hæð.
 3. Þjónustusamningur milli eigenda Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna. Hreppsnefnd ákvað samhljóða að samþykkja nýjan þjónustusamning fyrir árin 2018 – 2020.
 4. Óbyggðanefnd, bréf frá nefndinni lagt fram til kynningar.
 5. Norðurfjarðarhöfn, ný gjaldskrá fyrir árið 2018 lögð fram til kynningar.
 6. Bréf frá Landlínum varðandi hnitsetningu Ófeigsfjarðar. Hreppsnefnd gerir athugasemdir og vill láta skoða betur tvö atriði; a. Gamlar frásagnir benda til þess að Nyrðra-Mjóavatn og Syðra-Mjóavatn séu í landi Ingólfsfjarðar og því þurfi að endurskoða þá línu sem dregin er frá Töflu og að Glissu. b. Samkvæmt öðrum kortum á Ófeigsfjörður ekki sneið upp í topp á Glissu. Þessi tvö atriði þarf að skoða nánar og mun Árneshreppur einnig kanna hvort hægt er að finna óyggjandi niðurstöður í málinu.
 7. Bætt er við dagskrá fundarins erindi frá Elínu Öglu Briem varðandi kostnaðarþátttöku í skólagöngu dóttur hennar í öðrum skóla. Málið lagt fram til kynningar og verður tekið fyrir á næsta fundi.

8. Einnig var lögð fram tillaga frá Ingólfi Benediktssyni varðandi bréf til vegamálastjóra og ráðherra samgöngumála. Ákveðið var að skrifa þessum aðilum og senda bréf með undirrituðum nöfnum allra hreppsnefndarmanna.

Fleira ekki tekið upp og fundi slitið kl. 15:00.